



Dalabyggð  
Bogi Kristinsson  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

23. júlí 2003  
Tilvísun: UST20030700195/sf

### **Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Lauga í Sælingsdal, Dalabyggð**

Vísað er til auglýsingar í Lögbirtingablaði frá 18. júní sl. þar sem auglýst er tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lauga í Sælingsdal. Skipulagstillagan tekur til 15 sumarbústaðalóða og aðkomu að þeim.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

#### **Byggingarreitir**

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 15 lóðum fyrir frístundahús norðan og vestan við Lambhól og Lómatjörn en eitt þessara húsa hefur nú þegar verið byggt. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal þess gætt að utan þéttbýlis sé ekki byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Stofnunin bendir á að samkvæmt deiliskipulagstillögunni er byggingarreitur F14 staðsettur innan við 50 frá Lómatjörn og uppfyllir þar með ekki ofangreint ákvæði skipulagsreglugerðar.

#### **Gönguleiðir**

Á deiliskipulagsupprætti eru sýndar gönguleiðir innan skipulagssvæðisins en samkvæmt greinargerð eru þær annað hvort leiðbeinandi fyrir endanlega staðsetningu sem taki mið af aðstæðum og halla á landi eða tillögur að staðsetningu gönguleiða.

Samkvæmt deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir gönguleið meðfram Lómatjörn norðanverðri og gerð er tillaga að gönguleið upp á Lambhól. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er gert ráð fyrir gönguleið kringum Lómatjörn en vötn eru vinsæl útivistarsvæði, ekki síst í nágrenni frístundahúsasvæða. Að mati stofnunarinnar væri rétt að athuga hvort ekki eigi að gera ráð fyrir göngustíg umhverfis Lómatjörn til að auðvelda aðgengi að svæðinu og beina þannig gangandi fólki ákveðna leið til að takmarka rask.


#### **Svæði til sérstakra nota**

Þrjú svæði eru skilgreind sem svæði til sérstakra nota samkvæmt deiliskipulagstillögunni. Í greinargerð með skipulaginu kemur fram að gert er ráð fyrir trjárækt á þessum svæðum en ekki eru gerðar sérstakar kröfur þar um og reiknað með sérstakri hönnun á

uppgræðslusvæðum þegar þar að kemur. Eitt þeirra svæða sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota er við norðanverða Lómatjörn. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að gæta þess að ekki verði plantað trjágróðri mjög nærri vatnsbakkanum til að gera almenningi kleift að njóta útivistar við náttúrulegan vatnsbakka og komá í veg fyrir rask á Lómatjörn. Æskilegt er að skilgreint verði svæði meðfram Lómatjörn þar sem ekki ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Friðriksdóttir

  
Gunnar S Jónsson  
staðgengill forstöðumanns